

Símenntunaráætlun fyrir starfsmenn Lundarsels 2021-2022

Markmið með símenntunaráætlun Lundarsels er að auka starfsánægju og hæfni í starfi.

Leiðir:

Leikskólastjóri skipuleggur eftirfarandi símenntunaráætlun í samráði við starfsmenn. Símenntunaráætlun er í **sífelldri** endurskoðun þar sem þarfir skólans er skoðaðar jafnt og þétt. Leikskólastjóri gerir ráð fyrir að einstakir starfsmenn muni (að eigin ósk) sækja fræðslu annars staðar frá. MUNIÐ STYRKI HJÁ STARFSMANNAFÉLÖGUNUM Einingu-Iðju og Félag leikskólakennara/Félag stjórnenda í leikskólum, Félag Iðjubjálfa. Hver félagsmaður á rétt á styrk til símenntunar.

Sitji starfsmenn námskeið sem er lengur en vinnutíma nemur, fær hann ekki greidd laun fyrir umframtímann, enda er hann að sitja námskeiðið að eigin ósk. Ef leikskólinn **sendir** starfsmann á námskeið, sem stendur lengur en sem nemur vinnutíma starfsmanns, greiðist yfirvinna fyrir umfram tímana.

Fari einstaka starfsmenn á námskeið eða fyrirlestur ber þeim skylda til að hafa um það kynningu á starfsmannafundi 10 -30 mínútur.

Símenntun starfsmanna Lundarsels

Starfsþróun, allir starfsmenn saman á starfsmannafundum og eða deildarfundir til að ræða saman, sammælast, meta og þróa starfið.

Samskipti – virðing – ábyrgð fyrirlesari ákveðinn síðar.

Nútímavæðing skólana/Ípaid kennsla Íris Hrönn Kristinsdóttir, sérfræðingur HA

Náms- og kynnisferð til Brighton með öllum starfsmönnum 4.-8. júní. Umsjón skólastjórnendur.

Innleiðing menntastefnu Akureyrar Umsjón Gæðaráð og Gunnþór .

„Teymisvinna sem grunneining í lærdómssamfélagi Umsjón MSHA Allir starfsmenn fá fræðslu en mest verður unnið með stjórnunarteymið. Sjá nánar um þróunarverkefnið [hér](#)

Skapandi starf með börnum hvað er það? Umsjón Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi.

Fræðsla um vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum. Umsjón fjölskyldudeild

Námskeið sem sumir starfsmenn fara á:

- Námskeið fyrir nýja starfsmenn um heimspeki í umsjón Helgu Maríu haldið í sept/okt.

- Námskeið fyrir Inga Jóhann á grunnnámskeið PMT/SMT, Samtals 3 tímar. Umsjón Dalrós. Frestað út af ástandinu.
- Kynning fyrir nýja starfsmenn um PMT í umsjón Helgu M og Dalrósar.
- Tras námskeið – tveir til þrjú kennarar fara á námskeið í október.
- Kennsla á slökkvitæki – ca einn starfsmaður í einu af hverri deild. Umsjón slökkviliðið.
- Markþjálfun/handleiðsla 1,5 tímar í senn einu sinni í mánuði. Umsjón Ingunn Helgadóttir fyrir stjórnendur Lundarsels.
 - ♥ Skólastjórnendur sækja ýmsa fræðslu sem Akureyrarbær heldur utan um.
 - ♥ Sérkennslustjóri sækir fræðslu sem umsjónar maður með sérkennslu sér um.